

ingar og svo þær birtu það, að stjórnarráðið eptir atvikum hefir ekki neitt á móti því, að samþykka þessa uppástungu. 1870.
21. oktr.

93. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um óspektir enskra fiskimanna. 21. oktr.

Amtmaðurinn í norður- og austurumdæmi Íslands hefir sent hingað útskrift af prófi, sem haldið var við lögreglurétt þingeyjar-sýslu 22. júním. þ. á., og má sjá af því, að enskir fiskimenn frá Grimsby hafa rænt hið frakkneska fiskiskip *Duc de Dalmatie* frá *Boulogne*, sem strandaði þar í sýslu í fyrra, eins og utanríkis-málastjórninni mun kunnugt vera.

Með því það vill nú til ekki allsjaldan í norður- og austur-umdæminu, að enskir sjómenn sýna af sér slíkar óspektir og óeirðir, hefir amtmaður ennfremur, um leið og hann í þessu efni skírskotar til þess, er enskir sjómenn rændu frakkneska fiskiskipið *Emilie*, sem síðast var getið um í bréfi voru til utanríkisstjórnarinnar 10. ágúst þ. á., stungið uppá því, að samningar verði gjörðir við ensku stjórnina, til þess að komizt verði hjá þessum óspektum eptirleiðis.

Útaf þessu, og sérstaklega samkvæmt innihaldinu í bréfi utanríkisstjórnarinnar 15. nóvbr. f. á.¹, sendum vèr til afnota útskrift af prófinu, snúna á Dönsku.

94. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um flutning á fátæklingi. 25. oktr.

Í bréfi 23. júní þ. á. hafði þær, herra amtmaður, samkvæmt beiðni hins setta sýslumanns í Mýra- og Hnappadalssýslu, skotið til

¹) Í þessu bréfi hafði utanríkisstjórnin mælt til, að fá vitneskju um óspektir og spillvirki enskra fiskimanna á Íslandi.